

Reykjavík, 14. janúar 2014

Niðurstaða athugunar á lánveitingum Festu lífeyrissjóðs til einstaklinga

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt athugun á lánveitingum Festu lífeyrissjóðs til einstaklinga, með vísan til 44. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Athuginin fór fram á tímabilinu frá apríl til desember 2013 með öflun gagna vegna útlána til 11 einstaklinga og fyrirspurnum í tengslum við þau gögn. Niðurstöður athugunarinnar eru byggðar á þeim upplýsingum sem aflað var og miðast við stöðuna á þeim tíma sem athuginin fór fram.

Að mati Fjármálaeftirlitsins eru fyrrgreindar lánveitingar lífeyrissjóðsins í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

Athuginin leiddi þó í ljós að verklag vegna lánveitinga með lánsveði var ekki í fullu samræmi við þágildandi lánareglur sjóðsins þar sem veðsalar voru ekki látnir undirrita yfirlýsingu þess efnis að þeir gerðu sér grein fyrir þeim skuldbindingum sem þeir væru að taka á sig. Lánareglum Festu lífeyrissjóðs var breytt í lok árs 2009 og sjóðurinn veitir ekki lengur lán gegn lánsveðum.

Í samræmi við 9. gr. a laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins birtir stofnunin hér með opinberlega niðurstöður nefndrar athugunar.